UMHVERFIS
STOFNUN

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2019
UST201903-179/B.S.
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Jarðstrengur - Þjónustumiðstöð Þingvöllum – rafhleðslustöð. Frekari umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. maí 2019 þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar í kjölfar vettvangsferðar sem farin var um fyrirhugað framkvæmdasvæði 7. maí sl.

Eftirfarandi tölvupóstur var sendur RARIK:

„Aðstæður skoðaðar á vettvangi ásamt Brynjari Svavarssyni frá RARIK. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða legu strengsins þar sem reynt er að fara eftir röskuðu landi og leggja strenginn í laus jarðlög. Reynslan hefur sýnt að þegar strengir eru plægðir í laus jarðlög utan votlendis hverfa ummerki á skömmum tíma. Hins vegar ætti að áliti Stofnunarinnar að skoða hvort unnt verði að leggja strenginn í vegfláa milli P242-P252 með þeim hætti að bæta efni í fláann þannig að unnt verði að forðast rask á hrauni sérstaklega þar sem strengurinn liggur yfir sprungur."

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

+354 591 2000
www.ust.is